



Reglugerð um leyfiskerfi

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Keppnisréttur félags

Til að félag öðlist rétt til þátttöku á mótum og öðrum viðburðum á vegum Fimleikasambands Íslands þarf viðkomandi félag að standast eftirtaldar kröfur fyrir tímabilið 1. september 2023 – 31. ágúst 2024.

1. Að allir iðkendur félags sem skráðir eru til keppni í fjölþraut og 1. þrepi áhaldafimleika og meistara- og 1. flokki hópfimleika séu handhafar Gull leyfis.
2. Að allir iðkendur félags sem skráðir eru til keppni og falla ekki undir lið 1. séu handhafar Silfur leyfis.
3. Að allir aðrir iðkendur félags sem verða 9 ára eða eldri, á árinu sem leyfið tekur gildi og falla ekki undir lið 1. né lið 2., séu handhafar Brons leyfis.
4. Að allir aðrir iðkendur félags sem ekki falla undir lið 1.-3. séu handhafar Kopar leyfis.
5. Að allir þjálfarar sem starfa hjá félagi séu skráðir á leyfi.

Öll félög sem uppfylla ofangreind skilyrði öðlast rétt til að senda keppendur á mót FSÍ og iðkendur á viðburði FSÍ.

II. kafli. LEYFISKERFI

2. gr.

Iðkendaleyfi

Iðkendaleyfi er fyrir alla sem iðka fimleika hjá viðkomandi félagi samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:

1. *Gull*: Fyrir þá iðkendur sem keppa í frjálsum æfingum og 1. þrepi í áhaldafimleikum og þá sem keppa með meistara- eða 1. flokki í hópfimleikum. Leyfið veitir réttindi til keppni á FSÍ mótum og þátttöku í úrvals- og landsliðsverkefnum.
2. *Silfur*: Fyrir þá iðkendur sem keppa í 2. – 5. þrepi íslenska fimleikastigans í áhaldafimleikum, þá sem keppa í 2. – 5. flokki í hópfimleikum og þá sem keppa í stökkfimi. Leyfið veitir réttindi til keppni á FSÍ mótum.
3. *Brons*: Fyrir þá iðkendur sem eru níu ára og eldri og taka þátt í verkefnum tengdum Fimleikum fyrir alla.
4. *Kopar*: Fyrir þá iðkendur sem eru átta ára og yngri og taka þátt í verkefnum tengdum Fimleikum fyrir alla, sem og fyrir þá iðkendur sem stunda námskeið hjá aðildarfélagi sem stendur í 7 vikur eða lengur.



3. gr.

Þjálfaraleyfi

Þjálfaraleyfi er fyrir alla sem þjálfra fimleika samkvæmt flokkun í viðhengi 1. Þjálfarar eru flokkaðir miðað við menntun og þurfa þeir að hafa aflað sér tilskyldrar menntunar innan fræðslukerfis FSÍ og sækja þau námskeið sem sett eru í upphafi hvers tímabils að því gefnu að tekið sé fram að þau telji inn í fræðslukerfið. Réttindi þjálfara til að fylgja keppendum á FSÍ mót eru háð menntun þeirra.

1. *Gull*: Fyrir þá þjálfara sem eru búnir með námskeiðið Þjálfari 4 eða sambærileg réttindi, metin af sambandinu. Gullleyfishafar hafa réttindi til að fylgja Meistaraflokki, 1. flokki/þrepi og keppendum í frjálsum æfingum á FSÍ mót.
2. *Silfur*: Fyrir þá þjálfara sem eru búnir með námskeiðið Þjálfari 3 (A og B) eða sambærileg réttindi, metin af sambandinu. Silfurleyfishafar hafa réttindi til að fylgja 3. flokki/þrepi og 2. flokki/2. þrepi á FSÍ mót.
3. *Silfur B*: Fyrir þá þjálfara sem eru búnir með námskeiðið Þjálfari 2 (A og B) eða sambærileg réttindi, metin af sambandinu. Silfurleyfishafar B hafa réttindi til að fylgja 5. flokki/þrepi og 4. flokki/þrepi á FSÍ mót.
4. *Brons*: Fyrir þá þjálfara sem eru búnir með námskeiðið Þjálfari 1 (A og B) eða sambærileg réttindi, metin af sambandinu. Bronsleyfishafar hafa réttindi til þess að þjálfra iðkendur 9 ára og eldri en hafa ekki réttindi til þess að fylgja keppendum á FSÍ mót nema sem aðstoðarþjálfarar.
5. *Kopar*: Fyrir þá þjálfara sem eru búnir með námskeiðið Aðstoðarþjálfari 1 og 2 eða sambærileg réttindi, metin af sambandinu. Koparleyfishafar hafa réttindi til þess að þjálfra iðkendur 8 ára og yngri en hafa ekki réttindi til þess að fylgja keppendum á FSÍ mót nema sem aðstoðarþjálfarar.
6. *Undanþága*: Fyrir þá sem falla undir leyfið „Undanþága þjálfara“.

Hafi þjálfari ekki öðlast réttindi sbr. lið 1.-6. en telur sig hafa jafngilda menntun getur hann sótt um staðfestingu til skrifstofu FSÍ með framlögðum gögnum, sjá nánar um undanþágur í „Viðhengi 2“.

4. gr.

Dómaraleyfi

Dómaraleyfi er fyrir alla sem dæma fimleika samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu:

- Dómarar sem eru með alþjóðleg dómararéttindi.
- Dómarar sem eru með D – dómararéttindi.
- Dómarar sem eru með E – dómararéttindi.

Dómarar þurfa að hafa staðist dómarapróf sem er í gildi á hverjum tíma.

5. gr.

Félagaleyfi

Félagaleyfi er fyrir öll félög eða deildir sem bjóða upp á fimleikaiðkun eða taka þátt í keppni á vegum FSÍ. Félagaleyfi er gæðavottun sem FSÍ gefur út byggt á ýmsum þáttum sem skilgreindir verða síðar.



III. kafli. GILDISTÍMI LEYFA OG ÁRGJALD

6. gr.

Gildistími og umsókn um leyfi

Gildistími leyfa er frá 1. janúar – 31. ágúst og 1. september – 31. desember.

Hægt er að sækja um iðkendaleyfi tvisvar á ári, annars vegar frá 1. september – 15. október og hins vegar frá 1. janúar – 15. febrúar ár hvert.

Hægt er að sækja um þjálfaraleyfi tvisvar á ári, annars vegar frá 1. september – 15. október og hinsvegar frá 1. janúar – 15. febrúar ár hvert.

Sé sótt um leyfi utan umsóknartímabils er hægt að óska eftir flýtimeðferð gegn auka gjaldi, sjá verðskrá í „Viðhengi 1“.

7. gr.

Leyfi fellur úr gildi

Hafi leyfi ekki verið greitt innan 28 daga frá greiðsludagsetningu skal keppnisleyfi viðkomandi félags afturkallað, nema að stjórn sambandsins ákveði annað.

Hafi félag ekki uppfyllt skilyrði sbr. 1. gr. skal keppnisleyfi viðkomandi félags afturkallað, nema að stjórn sambandsins ákveði annað.

Ef leyfi hefur verið fellt úr gildi vegna vangoldinna leyfisgjalda getur stjórn endurnýjað leyfið hafi greiðsla að viðbættri sekt borist sambandinu, sjá verðskrá í „Viðhengi 1“.

8. gr.

Leyfisgjöld

Leyfisgjöld eru samkvæmt verðskrá sem er að finna í „Viðhengi 1“ og eru þau endurskoðuð árlega.

9. gr.

Aðlögun að leyfiskerfi fyrir ný félög

Aðlögunarferli fyrir ný félög að leyfiskerfi FSÍ.

- Ný félög skrá alla sína iðkendur inn í Þjónustugátt FSÍ.
- Á fyrsta ári greiða ný félög engin leyfisgjöld.
- Á ári tvö greiða félög 50% leyfisgjalda.
- Á ári þrjú greiða félög fullt leyfisgjald fyrir iðkendur.

Að öðru leyti gilda aðrar reglur leyfiskerfisins.

IV. kafli. GILDISTAKA

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 25. gr. laga Fimleikasambands Íslands og öðlast hún gildi 1. september 2023. Reglugerð þessi skal endurskoðuð og endurnýjuð fyrir þann 1. september 2023.

Samþykkt af stjórn FSÍ 10. ágúst 2023

Viðhengi 1 – Verðskrá og kröfur 2023-2024

Þar sem kerfið verður innleitt í skrefum munu verðskrá og kröfur verða endurskoðaðar frá ári til árs.

Yfirlitsmynd leyfa (Mynd 1)

Leyfi	Þjálfarar Námskeið	Áhalda þrep	HÓP/STÖKK Flokkur
Gull	Þjálfari 4	1.þrep-frjálsar	1. + meistaraflokkur
Silfur	Þjálfari 3	3.-2. þrep	3.-2. flokkur
Silfur B	Þjálfari 2	5.-4.þrep	5.-4.flokkur
Brons	Þjálfari 1	9 ára og eldri	9 ára og eldri
Kopar	Þjálfari 1	8 ára og yngri	8 ára og yngri

Verðskrá fyrir hvora önn 2023-2024

- Námskeið, 7 vikur + kr. 800
- Iðkandi kopar, 4 ára og yngri kr. 800
- Iðkandi Kopar, 5 ára og eldir kr. 1.200
- Iðkandi Brons kr. 1.950
- Iðkandi Silfur kr. 2.450
- Iðkandi Gull kr. 2.550
- Þjálfari Gull og Silfur kr. 1.250
- Þjálfari Undanþága kr. 1.250
- Þjálfari Brons kr. 1.000
- Þjálfari Kopar kr. 750
- Dómari Skráning kr. 0
- Flýtimeðferð kr. 3.000
- Sekt 5% álag

Viðhengi 2 – Útskýringar á leyfiskerfi

Leyfiskerfi FSÍ tekur til keppenda, þjálfara, dómara og félaga. Innleiðingarferli kerfisins er í fimm hlutum:

Innleiðingarferli - Yfirlit

1. Kynning fyrir félögum og starfsnefndum	vetur 2015-16	✓
2. Samþykkt þings	þing 2016	✓
3. Innleiðing A hluti	haust 2016	✓
4. Innleiðing B hluti	haust 2017	✓
5. Innleiðing C hluti	haust 2018-19	Hægt á innleiðingu

Innleiðing – A hluti

Skráning iðkenda í leyfiskerfi

Iðkendur sem skráðir eru í leyfiskerfið fá heimild til að keppa á mótum og að taka þátt í sýningum sambandsins. Þeir fá aðgang að námskeiðum og fræðslu á lægstu kjörum sem sambandið býður upp á. Iðkendur fá aðgang að úrvalshópum og landsliðum séu þeir valdir í það. FSÍ mun halda áfram að skoða váttryggingar og stefnir á að í framtíðinni muni váttrygging vera innifalin í leyfinu.

Iðkendur fá leyfisskírteini út frá því hvar þeir eru staddir í fimleikum.

Skráð er í kerfið tvisvar sinnum á ári, 1. janúar-15. febrúar og 1. september-15. október. Ef iðkendur bætast við eftir það þarf að skrá þá sérstaklega sbr. 6 gr.

Skráning þjálfara í leyfiskerfi

Þjálfarar sem skráðir eru í leyfiskerfið fá aðgang að námskeiðum og fræðsluefni á lægstu kjörum sem sambandið býður upp á. Þeir fá heimild til að fylgja keppendum á mót, út frá menntunarstigi þeirra.

Allir þjálfarar verða metnir eftir menntun í Gull, Silfur, Silfur B, Brons og Kopar leyfi. Til þess að geta fylgt keppendum á mót þarf þjálfari að vera með tiltekin leyfi, skv. yfirlitstöflu leyfa hér að ofan. Skráning á námskeið á þessu tímabili veitir undanþágu ef þjálfarar eiga eftir að taka klára viðkomandi námskeið. Einnig ber þjálfara að sækja þau námskeið sem sett eru í upphafi hvers tímabils að því gefnu að tekið sé fram að þau telji inn í fræðslukerfið. Mikilvægt er að þjálfara sé veitt næg tækifæri til að ljúka við þau námskeið.

Þjálfari fær þjálfaraskírteini út frá því hvar hann er staddur í fræðslukerfi FSÍ. Þjálfaraskírteinin verða aðgengileg inn á Síminn Pay.

Samkvæmt þessu kerfi hefur Fimleikasambandið sett sér það markmið að allir þjálfarar sem þjálfra hjá félögum hafi sótt sér réttindi á þjálfaranámskeiðum FSÍ.

Skráð er í kerfið tvisvar sinnum á ári, 1. janúar – 15. febrúar og 1. september – 15. október.

Skráning keppenda í mótakerfi – skv. skráningarreglum sambandsins fyrir mót

Skráning keppenda, út frá þeirra leyfum, fer fram á þeim tíma sem getið er um í reglum sambandsins varðandi skráningarfresti á mót.

Innleiðing B hluti

Dómarar

Skráðir dómarar í leyfiskerfinu munu fá sendan dómarasamning. Forsenda þess að dæma FSÍ mót og alþjóðleg mót er að vera skráður í Leyfiskerfið og með undirritaðan samning. Undirrituðum samningum skal skila skrifstofu eigi seinna en 15. október annað hvort ár.

Innleiðing C hluti

Félög

Í framtíðinni er stefnt á skráningu félaga í leyfiskerfið og munu félög fá stimpil, brons – gull. Stimpillinn er metinn útfrá hlutfalli iðkenda, þjálfara og starfsfólks með leyfi.

Öryggi iðkenda í salnum verður metið ásamt gæði þjálfaranna. Eins verður skoðað hversu margar greinar félagið býður upp á fyrir sína iðkendur og hvernig fylgni þess við stefnu sambandsins er háttað.

Breyting á koparleyfi krílahópa

Haustið 2022 fór fram breyting á koparleyfum krílahópa skv. þingskjali nr. 5 sem samþykkt var á Fimleikabingi haustið 2021. Koparleyfi krílahópa, barna 4 ára og yngri, lækkaði úr 1.200 kr. í 800 kr. fyrir önnina. Að sama skapi skulu félögin skila inn leyfistölum þeirra sem að taka þátt í námskeiðum á vegum félaganna á haust- og vorönn ef námskeiðið er í gangi 7 vikur eða lengur. Leyfisgjald iðkenda á námskeiðum skal vera 800 kr. önnin.

Endurskoðun krafna

Í framtíðinni verður vottunarkerfi félaganna hert og kerfið endurskoðað með tilliti til að bæta það fyrir hreyfinguna í heild. Kerfið ber að endurskoða ár frá ári með það að leiðarljósi að það stækki með hreyfingunni sem vex ört ár frá ári.

Markmið og ávinningur

Markmið

Með innleiðingu leyfiskerfis hjá Fimleikasambandinu er verið að leggja grunn að enn faglegra starfi hjá hreyfingunni. Þau markmið sem helst hafa verið dregin fram eru að:

- fjölga hæfum þjálfurum
- auka gæði þjálfunar
- auka öryggi í salnum
- auka framboð á fræðslu
- styðja betur við afreksstarfið
- allir séu tryggðir
- halda viðburði
- vera ráðgefandi við félögin
- aðstoða félögin betur
- kynna fimleika betur
- fylgja þróun í Evrópu
- fjármagna rekstur sambandsins að hluta
- vinna að framgöngu Fimleika fyrir alla
- innleiða kerfi sem getur vaxið
- styðja sjálfbóðaliða betur



**Fimleikasamband
Íslands**

Ávinningur

Iðkendur

Betri þjálfun
Meira öryggi
Meiri ánægja

Þjálfarar

Betri menntun
Meira öryggi
Meira framboð á fræðslu

Stjórnendur

Meira öryggi
Meiri gæði í starfinu
Meira framboð á fræðslu

Félög

Ánægðari iðkendur
Ánægðari foreldrar
Ánægðari þjálfarar

Viðhengi 3 – Skráning í leyfiskerfið – Leiðbeiningar við innlestur á skrá

Skref 1

Velja “skrá leyfi”



Skref 2

Hægt er að velja á milli þess að lesa inn skrá beint úr Nóra, Sportabler eða eftir útsendum skjölum. Velja þarf annaðhvort.



Skref 3

A) Lesa inn skrá (excel skjal)

Dragðu skrána hingað

... eða veldu skrá til að flytja inn...

Leiðbeiningar
- Lesa inn skrá frá Nóra

- Lesið er inn fyrsta 'sheet'íð í skránni.
- Ekki er lesin inn fyrsta línan í sheetinu.

Við skiljum XLS og XLSX.
Hámarksstærð skráar er 4MB.

B) Lesa inn innfyllta skrá (excel skjal)

Dragðu skrána hingað

... eða veldu skrá til að flytja inn...

Leiðbeiningar
Athugið að einnig er hægt að flytja inn skrá úr Nóra beint (Sjá Lesa frá Nóra)
Athugið að nú er gerð krafa um forráðamann og heimilisfang þar sem FSÍ mun senda gjöf á alla leyfishafa.

- Lesið er inn fyrsta 'sheet'íð í skránni.
- Ekki er lesin inn fyrsta línan í sheetinu.
- Skráin þarf að innihalda eftirfarandi dálka í rétttri röð.
 - Nafn **** Dæmi** : Jón Jónsson
 - Kennitala **** Dæmi** : 010190-0109, 10190-0109, 101900109
 - Kyn **** Dæmi** : KVK, kvk, 1, KK, kk, 0
 - Heimilisfang**** Dæmi** : Jónsbrún 27
 - Borg/Bær**** Dæmi** : Reykjavík
 - Póstnúmer**** Dæmi** : 111
 - Sími **Dæmi** : 444-5555, 44445555
 - Farsími **Dæmi** : 444-5555, 44445555
 - Email **Dæmi** : jon@jon.is
 - Nafn Forráðamanns **** Dæmi** : Jón Jónsson
 - Kennitala Forráðamanns **** Dæmi** : 010190-0109, 10190-0109, 101900109
 - Sími Forráðamanns**** Dæmi** : 444-5555, 44445555
 - Farsími Forráðamanns **Dæmi** : 444-5555, 44445555
 - Email Forráðamanns**** Dæmi** : jon@jon.is
 - Deild **** Dæmi** : Ahalda, Hóp, Almenn
 - Hópur **** Dæmi** : 5. þrep, Frjálsár, 5. flokkur, Parkour

Við skiljum XLS og XLSX.
Hámarksstærð skráar er 4MB.

****Verður að vera útfyllt.**
Kyn getur verið kk eða kvk, 0 eða 1 (0 er þá kk, 1 er kvk)
Vinsamlegast fyllið út heimilisfang og aðrar tengsla upplýsingar fyrir þjálfara.

C) Excel skjalið þarf að vera uppsett á eftirfarandi hátt: (sjá meðfylgjandi skjöl)

	A	B	C	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M	N	O	P
1	Nafn	Kennitala	Kyn	Heimilisfang	Borg/Bær	Póstnúmer	Sími	Farsími	Netfang	Nafn Forráðamanns	Kennitala Forráðamanns	Sími Forráðamanns	Farsími Forráðamanns	Netfang Forráðamanns	Deild	Hópur
2																
3																
4																
5																
6																
7																
8																
9																
10																
11																
12																
13																
14																
15																
16																
17																
18																
19																
20																
21																
22																
23																
24																
25																
26																
27																
28																
29																
30																
31																
32																
33																
34																
35																
36																
37																
38																
39																
40																
41																

Kerfið les einungis þetta form og þurfa upplýsingar að vera í "sheet 1". Það sem er rautt, verður að vera útfyllt.

Skref 4

Villuprófun á gögnum

Eftir að búið er að færa inn skrá þá þarf að villuprófa gögnin. Passið að velja rétt leyfi í „tegund leyfis“

Leyfi

Félag: Ungmennafélagið Reynir Hellissandi

Tegund Leyfis:

Nafn	Kennitala	Kyn	Fæðingard.	Skilaboð	Staða	#
		<input type="text" value=""/>			<input type="text" value=""/>	<input type="text" value=""/>
██████████	0000000000	Karl	01.01.1900			<input type="button" value="✖"/>
	0000000000	-1	01.01.1900			<input type="button" value="✖"/>
	0000000000	-1	01.01.1900			<input type="button" value="✖"/>

Komi upp villa kemur skilaboð þess efnis:

Leyfi

Félag: Ungmennafélagið Reynir Hellissandi

Tegund Leyfis: Iðkandi Kopar 2017-18 (Yngri)

Athugið
3 færslur þarfnast lagfæringar. Skoðið skilaboð með færslum sem ekki er hægt að flytja inn.

Nafn	Kennitala	Kyn	Fæðingard.	Skilaboð	Staða	#
[REDACTED]	0000000000	Karl	01.01.1900	Nafn forráðamanns of stutt	VILLA	
[REDACTED]	0000000000	-1	01.01.1900	Nafn of stutt	VILLA	
[REDACTED]	0000000000	-1	01.01.1900	Nafn of stutt	VILLA	

Best er að bregðast við villum með því að hreinsa út alla skráninguna, laga villuna í skjalinu og flytja skjalið aftur inn. Einnig er hægt að hreinsa út villur og laga þær sérstaklega en við mælum ekki með því.

Leyfi

Félag: Ungmennafélagið Reynir Hellissandi

Tegund Leyfis: Dómari - Undanþága

Athugið
2 færslur þarfnast lagfæringar. Skoðið skilaboð með færslum sem ekki er hægt að flytja inn.

Ef villur halda áfram að koma upp og skjalið er 100% rétt, þá er hægt að prófa að vista skjalið sem gamalt excel skjal, þ.e. Excel 97-2003 Workbook.

Skref 5

Flytja inn skráningu

Þegar búið er að útiloka allar villur í innlestrinum og kerfið segir „Allar færslur í lagi“ þá skal flytja inn skráninguna.

Leyfi

Félag: Ungmennafélagið Reynir Hellissandi

Tegund Leyfis: Iðkandi Gull 2017-18

Athugið
Allar færslur í lagi.

Nafn	Kennitala	Kyn	Fæðingard.	Skilaboð	Staða	#
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]			
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]			
[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]	[REDACTED]			

Eftir að innflutningi er lokið þá kemur fram í athugasemdum hversu margar færslur(leyfi) voru flutt inn.

Leyfi

Félag: Ungmennafélagið Reynir Hellissandi

Tegund Leyfis: ▼

Hreinsa villur

Hreinsa allt

Athugið

3 færslur voru fluttar inn.
-- 3 Forráðamönnum bætt við og 0 uppfærðir.
-- 0 Iðkendum bætt við og 3 uppfærðir.
-- 3 Leyfum bætt við.

Mikilvægt er að muna:

- Lesa þarf inn fyrir hverja leyfistegund fyrir sig í sér skjali (ekki í sitthvort sheet-ið).
- Öll Gullleyfi í eitt Excel skjal.
- Öll Silfurleyfi í annað Excel skjal.
- O.s.frv.
- Öll dómaraleyfi í sér skjal.
- Öll þjálfaraleyfi í enn annað Excel skjal á leyfið Skráning Þjálfari.
- Allir framkvæmdastjórar og formenn í enn annað Excel skjal.
- Komi upp timeout meðan verið er að lesa inn skrá eða að kerfið frjósi þegar búið er að færa inn skjal, þá birtast upplýsingar aftur þegar farið er í flipann „staðfesta innlestur“. Ekki skal færa skjalið inn aftur nema að „staðfesta innlestur“ skili ekki tilætluðum árangri.